

Sérálit

Vegna vinnu starfshóps
um starfsmenntanám
Landbúnaðarháskóla Íslands

júlí 2020







EFNISYFIRLIT

4	Samantekt
5	Skipun og vinna starfshóps
6	Stefna Landbúnaðarháskóla Íslands 2019-2024
7	Skipurit Landbúnaðarháskóla Íslands
8	Kynningarstarf og samstarfssamningar
9	Nýjar reglur Landbúnaðarháskóla Íslands
9	Fagnefndir
10	Inntak og skipulag náms
11	Umfang námsins og nemendasamsetning
12	Fjöldi og aldur nemenda
14	Samlegð náms
15	Raunfærnimat
15	Lagastoð starfsmenntanámsins
16	SVÓT-greiningar á starfsmenntanámi Landbúnaðarháskóla Íslands
18	Yfirstandandi endurbætur á húsnæði og aðstöðu Landbúnaðarháskólans að Reykjum
19	Valkostagreining
20	Sóknarfæri til skemmri og lengri tíma litið
21	Tillögur
22	Fylgiskjal 1 Verkefnisáætlun samþykkt á 1. fundi starfshóps 27. nóv. 2019
23	Fylgiskjal 2 Stefna Landbúnaðarháskóla Íslands 2019-2024
24	Fylgiskjal 3 Velkomin – fjölbreytt námsframboð í persónulegum skóla
25	Fylgiskjal 4 Skýrsla Gæðaráðs íslenskra háskóla - apríl 2020

Samantekt

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði starfshóp með bréfi dagsett 22. nóvember 2019 til að fara yfir stöðu og framtíðarskipulag starfsmenntanáms við Landbúnaðarháskóla Íslands sem fram fer á Hvanneyri og að Reykjum í Ölfusi.

Tilfni þess að ráðherra ákvað að skipa starfshópinn voru áhyggjur nokkurra hagaðila í garðyrkjugreinum sem töldu að verið væri að breyta inntaki og eðli starfsmenntanáms skólans og að sýnileiki þess myndi verða minni í nýrri stefnu og nýju skipuriti fyrir Landbúnaðarháskólann.

Starfshópnum var ætlað að skila ráðgefandi greinargerð til mennta- og menningarmálaráðuneytis um framtíðarskipan þeirrar starfsmenntunar sem fram fer við skólann. Vinnu hópsins var skipt niður á undirhópa og á fundi þann 16. júní 2020 lá fyrir samantekt þeirrar vinnu til umfjöllunar. Fulltrúar hagaðila voru ósáttir við þá samantekt og lögðu fram bókun þess efnis að þeir myndu skila séráliti. Var þá samhliða óskað eftir séráliti frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

.....

**Í séráliti
Landbúnaðarháskóla
Íslands er farið yfir stöðu
starfsmenntanámsins,
megináherslur
í stefnu skólans,
breytingarnar sem
gerðar voru á skipuriti,
stöðu og nauðsynlega
uppbyggingu innviða,
kynningu á náminu, nýja
samstarfssamninga og
framtíðarsýn skólans.**

Skipun og vinna starfshóps

Starfshópurinn hélt sinn fyrsta fund þann 27. nóvember 2019 og var skipaður með eftirfarandi hætti.

Álfheiður Marinósdóttir
Eyjólfur Ingvi Bjarnson
Guðríður Helgadóttir
Gunnar Þorgeirsson
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Heiðar Smári Harðarson
Heimir Janusarson
Jóhannes Kristjánsson
Ólafur Grétar Kristjánsson
Ragnheiður Þórarinsdóttir
Þórarinn Sólmundarson, formaður

Landbúnaðarháskóli Íslands
Bændasamtök Íslands
Landbúnaðarháskóli Íslands
Samband Garðyrkjubænda
Landbúnaðarháskóli Íslands
Félag skrudgarðyrkjumeistara
Félag iðn- og tæknigreina
Landbúnaðarháskóli Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Landbúnaðarháskóli Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Jóhannes Kristjánsson tók þátt í starfi starfshópsins til 15. janúar 2020 er Eyjólfur K. Örnólfsson tók við.

Á fyrsta fundi var meginmarkmið verkefnisins samþykkt og lögð fram verkefnisáætlun, sjá fylgiskjal I. Vinnan fór fram í undirhópum til loka janúar 2020. Þá var skipaður þriggja manna hópur sem tók saman vinnu undirhópa í drög að samantekt. Sú samantekt var kynnt á fundi þann 16. júní 2020 en fulltrúar hagaðila lögðu þá fram bókun þess efnis að þeir myndu skila séráliti. Var þá samhliða óskað eftir séráliti frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Meginmarkmið verkefnisins er að skapa nauðsynlegar faglegar og fjárhagslegar forsendur til eflingar starfsmenntabrauta Landbúnaðarháskóla Íslands til að mæta núverandi og fyrirséðri aukinni eftirspurn atvinnulífsins eftir menntuðu starfsfólki.

Stefna Landbúnaðar- háskóla Íslands 2019-2024

Starfs- og lagaumhverfi Landbúnaðarháskóla Íslands hefur tekið breytingum á undanförunum árum. Starfsemi skólans féll áður undir lög um búnaðarfræðslu nr. 57/1999, en færðist undir lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 frá 1. júlí 2013 (með breytingalögum nr. 56/2013). Laga-breytingin hafði í för með sér veigamiklar breytingar fyrir Landbúnaðarháskólann og sjálfstæði hans. Skólinn laut áður beinni yfir-stjórn ráðherra en með þessum breytingum færðist ákvörðunarvald í málefnum skólans til háskólaráðs og rektors, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr. laga um opinbera háskóla.

Háskólaráð og rektor hafa þannig óskorað vald til að móta stefnu, breyta skipulagi og setja nýjar reglur fyrir skólann, án aðkomu eða íhlutunar mennta- og menningarmála-ráðuneytis.

Vinna við nýja stefnu skólans hófst í byrjun árs 2018 og tók nýr rektor við góðu starfi í upphafi árs 2019. Á fyrri hluta árs 2019 voru haldnir vinnufundir með starfsfólki, fyrst á hverri starfsstöð fyrir sig og loks með öllum saman. Þá var fundur þar sem kallað var eftir athugasemdum nemenda og síðan fundur með hagaðilum. Í júní 2019 var ný stefna til fimm ára samþykkt (fylgiskjal II) þar sem lögð er áhersla á að efla nýsköpun, rannsóknir og kennslu, styrkja innviði skólans og mannaúð, fjölga nemendum bæði í starfsmenntanámi og háskólanámi skólans, auka samstarf við hagaðila skólans og tryggja sýnileika starfsins með góðu kynningarstarfi. Lögð er áhersla á að þrjár starfsstöðvar skólans á Hvanneyri, Keldnaholti og Reykjum vinni náið saman sem ein heild.

Í stefnunni eru sett fram mælanleg markmið og hefur þegar náðst góður árangur. Má þar nefna að nemendum hefur fjölgað bæði í starfsmenntanámi og háskólanámi skólans, nýir sérfræðingar hafa verið ráðnir til starfa, umsóknum til samkeppnissjóða hefur fjölgað og fjármagn til verkefna aukist, nýir samstarfs-samningar hafa verið gerðir, unnið er að viðhaldi og uppbyggingu innviða, kynningarstarf hefur eflst og markvisst er unnið að umbótastarfi í gæðamálum skólans.



Skipurit Landbúnaðarháskóla Íslands

Í kjölfarið á samþykkt nýrrar stefnu fór fram vinna við nýtt skipurit (mynd 1) sem samþykkt var á haustmánuðum 2019 og tók gildi 1. janúar 2020. Meginbreytingin fólst í því að í stað háskóladeildar annars vegar og starfs- og endurmenntunardeildar hins vegar eru nú þrjár fagdeildir (Ræktun og fæða; Náttúra og umhverfi; og Skipulag og hönnun) sem allar bjóða upp á starfsmenntanám á framhaldsskólastigi, grunnnám (BS) og framhaldsnám (MS og PhD). Yfir hverri fagdeild er deildarforseti sem valinn er af deild til tveggja ára í senn og síðan eru starfandi starfsmenntanámsnefnd, grunnnámsnefnd og framhaldsnámsnefnd eins og verið hefur sem hafa umsjón með náminu á hverju námsstigi.

Í starfsmenntanámsnefnd sem starfsmenntanámsstjóri stýrir sitja allir brautarstjórar starfsmenntanámsbrauta. Þar er tækifæri fyrir starfsmenntanámsstjóra að koma upp góðu og skilvirku kerfi þar sem starfsmenn allra námsbrauta í starfsmenntanámi hafa samræðuvettvang, þvert á fagdeildir.

Námsbrautir eru áfram óbreyttar og engar breytingar eru gerðar á skipulagi námsins eða inntaki þess. Meginmarkmiðin með breyttu skipuriti eru að ná starfsstöðvum skólans saman í eina heild, að efla faglegt starf og umræðu milli námsstiga, ná auknum samlegðaráhrifum, bæta innviði skólans og nýtingu þeirra og kalla fram ný tækifæri til samstarfs innan og utan skólans.



Mynd 1. Skipurit Landbúnaðarháskóla Íslands sem tók gildi 1. janúar 2020.

Kynningarstarf og samstarfssamningar

Kynningarstarf skólans hefur verið eft á undanföllum misserum og virðist ná vel til fólks, ekki síst til unga fólksins. Skipuritið hefur hlotið góðan hljómgrunn og gekk kynningarstarf skólans á vormánuðum afar vel. Í því sambandi er rétt að draga fram að mikið var spurt um garðyrkjunámið á Háskóladeginum 29. febrúar sl. og nýtt kynningarefni skólans meðal annars bæklingur sem kynnir allar brautir skólans (fylgiskjal III) og kynningarbæklingur um nýju stefnuna hlaut mikið lof. Lögð er áhersla á birtingu greina og fréttatilkynninga auk sýnileika á samfélagsmiðlum með myndrænu efni. Svo virðist sem sú vinna sé að skila sér því metaðsókni er í garðyrkjubrautir skólans fyrir haustið 2020, en 144 umsóknir bárust skólanum. Umsóknir í búfræði voru 64 talsins sem er einnig mjög góð aðsókn.

Landbúnaðarháskólinn hefur um nokkurra ára skeið átt gott samstarf við Menntaskóla Borgarfjarðar um sameiginlega braut til stúdentsprófs og búfræðings. Það samstarf hefur nú verið útvíkkað til þess að taka einnig til garðyrkjubrauta. Samhliða er unnið að undirritun slíks samnings við Fjölbautaskóla Suðurlands. Vonir standa til þess að samstarfið muni draga að fleira ungt fólk í garðyrkjugreinarnar.

Landbúnaðarháskóli Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið endurnýjuðu samstarfssamning sinn til þriggja ára í upphafi árs 2020. Þar er m.a. kveðið á um greiningu á stöðu garðyrkjunnar og framtíðar-tækifærum.

Tvö samstarfsverkefni voru styrkt af Matarauði Íslands á árinu annars vegar verkefnið Fræ til framtíðar sem snýr að fræðslu grunnskólabarna og hins vegar verkefni sem snýr að nemendaheimsóknum í starfsmenntanáminu í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi og Fisktækniskólann.

Samstarfssamningur var undirritaður á síðasta ári við Wageningen háskólann í Hollandi sem er einn fremsti skólinn á sviði garðyrkju í heiminum. Samningurinn snýr að starfsmannaskiptum, samstarfi í rannsókn- og nýsköpunarverkefnum og sameiginlegum fagfundum og/eða ráðstefnum.

Viljayfirlýsing um samstarf á Akranesi sem snýr að rannsóknum og nýsköpun var undirrituð þann 2. júlí sl. og unnið hefur verið að samstarfssamningi með Landsvirkjun, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um nokkurt skeið sem snýr að nýtingu innlendrar orku til matvælaframleiðslu.

Ofangreindir samstarfssamningar eru í samræmi við stefnu skólans um aukið samstarf við hagaðila, uppbyggingu innviða, aukið nýsköpunar- og rannsóknastarf sem mun skila sér beint til eflingar kennslu á öllum skólastigum.



Nýjar reglur Landbúnaðarháskóla Íslands

Avormisseri 2020 var unnið að því að yfirfara reglur, áætlanir og gæðahandbók Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar má nefna að samþykktar voru uppfærðar reglur fyrir skólann, nýjar starfsreglur háskólaráðs, ný upplýsinga- og skjalastefna, launastefna, jafnlaunastefna og uppfærð jafnréttisáætlun. Þeirri vinnu verður haldið áfram á haustmánuðum, enda liður í sífellið umbótastarfi við skólann. Þá hefst einnig formlegur undirbúningur að næstu úttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla þar sem nýjar fagdeildir skólans verða teknar út í fyrsta sinn. Gæðaráðið hefur þegar lýst yfir ánægju sinni með nýja stefnu og skipurit skólans við síðustu úttekt sína haustið 2019 og þá sérstaklega með það hvernig starfsmenntanám og háskólanám er sett saman á fagdeildir, sjá viðauka IV. Þess má að lokum geta að Landbúnaðarháskóli Íslands hlaut á dögnum formlega vottun um að háskólinn starfræki launakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85.

Fagnefndir

Fagnefndir hafa verið starfandi fyrir hverja námsbraut og engin breyting er þar á. Fagnefndir eru skipaðar til fjögurra ára í senn og í þeim sitja fulltrúar skólans, atvinnulífsins og viðkomandi fagfélaga. Hlutverk fagnefnda er að vera skólanum til ráðgjafar um skipulag námsins, námsefni og endurmenntun. Brautarstjóri viðkomandi brautar er fulltrúi skólans í viðkomandi fagnefnd og jafnframt formaður nefndarinnar. Endurmenntunarstjóri stofnunarinnar situr fundi fagnefnda og samræmir hugmyndir að endurmenntunarnámskeiðum.

Inntak og skipulag náms

A árabílinu 2012 – 2015 voru allar námskrár starfsmenntanáms Landbúnaðarháskólans endurskoðaðar í samráði við starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina, fulltrúa ráðuneytis og menntamálastofnunar til að framfylgja reglum MMR um nám á framhaldsskólastigi. Til ráðgjafar voru fagnefndir allra brauta og einnig var haft samráð við nemendur bæði þáverandi og fyrrverandi ásamt verknámsbændur. Námskrár brautanna voru byggðar upp með hliðsjón af þrepakerfi MMR með námslok á 3. hæfniprepi og uppröðun áfanga gerð með þeim hætti að uppbygging námsins yrði í rökréttu flæði, byggt á grunnþekkingu úr grunn- og framhaldsskóla varðandi náttúru- og lífræði og síðan byggt ofan á með kennslu í sértækum greinum. Námskrárnar voru lesnar inn í námskrárgrunn menntamálastofnunar sumarið 2014 fyrir garðyrkjuna og sumarið 2015 fyrir búfræðina þar sem þær fóru í samþykktarferli og leiðréttingarferli og fengu endanlegt samþykki haustið 2018.

Nám við starfsmenntabrautir Landbúnaðarháskólans er sérhæft starfsmenntanám með námslok á þriðja hæfniprepi. Landbúnaðarháskólinn býður upp á starfsmenntanám á sjö brautum, en þrjár þeirra, garð- og skógarplöntuframleiðsla, ylækt og lífræn ræktun matjurta, eru oftast teknar saman undir garðyrkjufframleiðslu.

1. Búfræði
2. Blómaskreytingar
3. Garðyrkjufframleiðsla
 - a. Garð- og skógarplöntuframleiðsla
 - b. Ylækt
 - c. Lífræn ræktun matjurta
4. Skógur og náttúra
5. Skrúðgarðyrkja

Búfræði er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi, staðarnám og fjarnám, kennt á Hvanneyri í Borgarfirði. Garðyrkjunámið sem skiptist á sex brautir, blómaskreytingar, garð- og skógarplöntuframleiðsla, ylækt, lífræn ræktun matjurta, skógur og náttúra og skrúðgarðyrkja er tveggja ára bóklegt nám og 60 vikna verknám á framhaldsskólastigi, staðarnám og fjarnám kennt á Reykjum í Ölfusi.

Ein námsleiðin, skrúðgarðyrkja, er lögfest iðngrein sem lýkur með sveinsprófi.

Þegar bóklegu og verklegu starfsmenntanámi lýkur hlýtur nemandi starfsheiti samkvæmt viðkomandi braut. Möguleiki er á því að loknu starfsmenntanámi að stunda frekara nám innan Landbúnaðarháskólans á háskólastigi á ýmsum sviðum s.s. í búvísindum, umhverfisvísindum, skógfræði eða í landslagsarkitektúr.

.....

Í þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar á skipuriti og reglum Landbúnaðarháskólans er inntaki eða skipulagi náms á starfsmenntabrautum skólans ekki breytt. Allar sömu brautir eru áfram og ekki hefur verið átt við námsskrár starfsmenntanámsins enda eru þær nýlega endurskoðaðar og staðfestar af Menntamálastofnun (2018).

Umfang námsins og nemendasamsetning

Langflestir nemendur í búfræði eru staðarnemendur í fullu námi sem fylgjast þannig að í náminu. Gert er ráð fyrir ársreynslu af sveitastörfum áður en námið hefst. Fjarnemar eru í náminu á hálfum hraða og eru almennt í fullu starfi við bústörf með náminu. Stöðugleiki ríkir í staðarnáminu, en nokkuð er um brottfall í fjarnáminu og hefur verið rætt hvernig unnt væri að koma til móts við þarfir nemenda með betri hætti, t.d. með því að bjóða upp á meiri sveigjanleika í námshraða.

Hlutfall nemenda í fjarnámi í garðyrkjunámi hefur aukist mjög undanfarin ár. Nemendur eru á ýmsum hraða, fjarnemar almennt á hálfum hraða, staðarnemar í fullu námi.

Sérstakar kröfur eru gerðar til fjarnema í starfsmenntanáminu. Í búfræðinni er gerð krafa um að nemendur í fjarnámi séu starfandi bændur eða nýir bændur eldri en 25 ára. Í garðyrkjugreinum hefur ekki verið gerð eins rík krafa um að nemendur séu starfandi í grein sinni en aldurskrafan er sú sama og í búfræðinni.


Í búfræðinni er krafa um 12 vikna verknám og sér skólinn um að finna verknámsstað fyrir nemendur. Verknámið er ólaunað að öðru leyti en því að nemendur fá frítt fæði og húsnæði gegn því að vinna 6 stundir á dag fyrir bóndann.

Á garðyrkjubrautum er gerð krafa um 60 vikna starfsnám undir handleiðslu verknámskennara. Nemendur sjá sjálfir um að ráða sig til starfa á verknámsstað.



Fjöldi og aldur nemenda

Fjöldi nemenda í búfræðinni er nokkuð stöðugur um 50 - 60 (á tveimur námsárum), og hefur verið fjöldatakmörkun á inntöku nemenda á hvert námsár og flestir í fullu námi í staðarnámi eins og áður hefur komið fram. Fjöldi nemenda í garðyrkjuframleiðslu og skrudgarðyrkju er breytilegri, nemendur voru um 30 talsins í garðyrkjuframleiðslubrautum (garð- og skógarplöntubraut, ylrækt og lífræn ræktun matjurta) og um 30 í skrudgarðyrkju árið 2016. Í byrjun árs 2019 eru 22 nemendur skráðir á garðyrkjuframleiðslubrautir og 14 í skrudgarðyrkju. Um 3-6 nemendur eru í námi í skógi og náttúru á þessu tímabili og á blómaskreytingabraut hófu 9 nemendur nám haustið 2018, en sú braut náði ekki lágmarksfjölda nemenda um nokkurra ára skeið. Mynd 2 sýnir fjölda nemenda á hverri námsbraut og hvernig þróunin hefur verið á undanförunum árum.



Mynd 2. Fjöldi nemenda á hverri námsbraut 2016-2019.


Fjöldi útskrifaðra nemenda af hverri braut á tímabilinu 2012-2019 er sýndur í töflu 1 og á mynd 3. Tekið er inn árlega í búfræði en annað hvert ár á starfsmenntabrautir skólans að Reykjum. Á tímabilinu útskrifuðust 256 nemendur sem búfræðingar. Tveir nemendur útskrifuðust af blómaskreytingabraut, auk þess sem 9 nemendur luku

einungis bóklega hluta blómaskreytinganámsins. 27 útskrifuðust af garðyrkjubraut, auk þess sem 23 luku bóklega hluta námsins. Af skóg- og náttúrubraut útskrifuðust 2 og 2 til viðbótar með bóklega hlutann. 35 luku námi í skrudgarðyrkju auk þess sem 9 luku við bóklega hlutann. Þá útskrifuðust 175 úr Reiðmanninum á þessu tímabili.


	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	SAMTALS	Meðaltal á ári
Búfræði	35	47	37	25	35	25	27	25	256	32
Blómaskreytingar		1	1						2	0,25
Blómaskreytingar bóklegt	3		6						9	1,13
Garðyrkja		4	2	2	10	7	1	1	27	3,38
Garðyrkja - bóklegt	1	1	6		8		7		23	2,88
Skógur og náttúra	1		1						2	0,25
Skógur og náttúra - bóklegt	1		1						2	0,25
Skrudgarðyrkja	3		6	2	10	1	11	2	35	4,38
Skrudgarðyrkja - bóklegt	1		5				3		9	1,13
Reiðmaðurinn			45	17	23	28	24	38	175	21,88

Tafla 1.

Fjöldi útskrifaðra nemenda af starfsmenntanámsbrautum Landbúnaðarháskóla Íslands 2012-2019. Á garðyrkjubrautunum ljúka sumir nemendur einungis bóklega hlutanum. Tekið er inn árlega í búfræði, annað hvert ár í garðyrkjubrautir og í Reiðmanninn þegar næg þátt-taka fæst.



Mynd 3. Fjöldi útskrifaðra nemenda úr starfsmenntanámi Landbúnaðarháskóla Íslands 2012-2019.



Mynd 4 sýnir aldersdreifingu nemenda í starfsmenntanámi Landbúnaðarháskólans og hvernig hún hefur þróast á tímabilinu 2012-2018. Nemendum í yngsta aldurshópnum <25 ára hefur fækkað en fjölgað hefur í eldri hópum, hlutfallslega mest í tveimur elstu aldurshópnum 40 – 59 ára og >60 ára.

Meðalaldur staðarnema í búfræði er 22 ár og fjarnema 33 ár. Meðalaldur í blómaskreytingum er 35 ár, 34 í skrúðgarðyrkju, 37 ár í skógi og náttúru og 40 ár í garðyrkjuframléiðslu.

Mynd 4. Aldursdreifing nemenda í starfsmenntanámi Landbúnaðarháskólans og hvernig hún hefur þróast á tímabilinu 2012-2018.



Samlegð náms

Pað er einstök staða hjá Landbúnaðarháskóla Íslands að geta boðið upp á háskólanám og starfsmenntanám og að nemendur fara í báðar áttir, þ.e. sumir fara áfram í BS nám að loknu starfsmenntanámi og sumir nemendur fara í starfsmenntanám að loknu BS námi til að bæta verklega kunnáttu. Þetta undirstrikar og ýtir undir þá gagnkvæmu virðingu sem ríkir á milli námsstiga. Áhersla er lögð á þetta í kynningarstarfi skólans.

Sameiginleg kennsluskrifstofa heldur vel utan um alla nemendur skólans og sameiginlegur rekstur heldur utan um byggingar og aðrar eignir skólans og veitir nauðsynlega stoðþjónustu. Um 10-15 kennarar kenna bæði á háskólastigi og í starfsmenntanámi. Í svo litlum skóla er þetta mjög mikilvægt til að nýta þekkingu mannauðsins og fyrir rekstrarlega hagkvæmni. Hér skipta vegalengdir á milli starfsstöðva vissulega máli, en skólinn er vel búinn tæknilausnum sem nýtast vel til fjarfunda og kennslu.

Nokkur samlegð er á milli skólastiga og þá sérstaklega hvað varðar búfræðinámið enda háskólabrautirnar og búfræðinámið hlið við hlið á Hvanneyri. Samstarf og sambyli búfræðinnar og búvísindanna hefur gengið vel og aukist verulega á síðari árum. Rannsóknaverkefni og aðstaðan sem þau verkefni byggja upp styðja við kennslu í búfræði.

Samlegðaráhrif garðyrkjubrauta með háskólanámi skólans mætti auka. Rannsóknir á sviði garðyrkju fara fram á Reykjum auk þess sem rannsóknir á sviði umhverfisvísinda og skógræði við skólann hafa eflst mjög undanfarin ár og fara þær að miklu leyti fram á Reykjum. Hér eru tækifæri til enn bættrar innviðauppyggingar og aukinnar samlegðar ekki síst á milli brauta skógs og náttúru og háskólanáms í skógræði auk tækifæra sem felast í auknum samlegðaráhrifum á milli skrudgarðyrkju og landslagsarkitektúrs. Þá mætti huga að því að bjóða í auknum mæli upp á nám eða einstök námskeið á sviði garðyrkju sem gæti nýst nemum t.d. í búfræði eða búvísindum. Uppbygging og samnýting innviða nýtist öllum námsstigum. Öflug rannsókn- og nýsköpunarstarfsemi sem m.a. er styrkt af samkeppnissjóðum eflir innviða- og þekkingaruppyggingu og þar með aðstöðu til náms hvort heldur sem er í starfsmenntanámi eða á háskólanámi (grunn- og framhaldsnámi). Það er afar brýnt fyrir skólann að geta boðið upp á bestu mögulegu tækni á alþjóðavísu.

Nokkuð er um að nemendur taki námskeið í verklegum greinum þótt einingar fái ekki. Mögulega væri hægt að samkenna verklega hluta þvert á námsstig, t.d. sem hluta af námskeiðum, en einingar væru skráðar á mismunandi áfanga. Tillögur hafa einnig verið nefndar um að auka áherslu á sumarnámskeið / tilraunavinnu á sumrin, jafnvel þvert á námsstig. Þá hafa verið settar fram tillögur um að skilgreina lokaverkefni í starfsmenntanámi eða BS námi sem afmarkaðan hluta af meistara- eða doktorsverkefni sambærilegt við það sem er vel þekkt þar sem meistaraverkefni er skilgreint sem afmarkaður hluti af doktorsverkefni, þá gjarnan með meðleiðbeiningu frá doktorsnemanum. Þá hefur einnig verið rætt um að skilgreina samstarfsverkefni þvert á námsstig, t.d. verkefni sem myndu bæta ásýnd skólans eins og t.d. hellulagnir/gróður á starfsstöðvum, lagfæringar í Bananahúsi (merklingar, hellulagnir, plöntur), lagfæringar á Frúargarði, sundlaugargarði, gangvegir, minnisvarða um fyrrum skólameistara á Reykjum o.s.frv.



Raunfærnimat

Raunfærnimat er ætlað til að meta fólk með starfsreynslu inn í starfsmenntanám. Það er fjármagnað af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hafa Símenntunarmiðstöðvar á hverjum stað séð um þetta mat. Skólinn hefur nokkra reynslu af raunfærnimati á garðyrkjubrautum og mjög góð reynsla er af raunfærnimati í skrúðgarðyrkju sem Iðan fræðslusetur hefur umsjón með. Minni reynsla er af raunfærnimati hjá öðrum brautum en þær hafa helst verið í formi einkisfræðisáæfinga. Raunfærnimat er nýbyrjað í búfræðinni og hefur Símenntunarmiðstöð Vesturlands umsjón með verkefninu.

Lagastoð starfsmenntanámsins

Lagastoð starfsmenntanámsins byggir á bráðabirgðaákvæði í breytingalögum nr. 56/2013. Starfsmenntanám Landbúnaðarháskólans hefur í mörg ár verið skilgreint sem aðfaranám að háskólanámi, sjá t.d. gr. 2.1 í samningi Landbúnaðarháskólans við mennta- og menningarmálaráðuneytið dags. 4. júlí 2012. Í ljósi þess hefur verið lagt til að styrkja lagastoð námsins með breytingu á reglugerð um aðfaranám nr. 835/2019, þar sem bætt yrði við setningu aftast í 5. mgr. 2. gr. „Þetta á ekki við um starfsmenntanám Landbúnaðarháskóla Íslands“.

Önnur leið til að styrkja lagastoð námsins sem hefur verið rædd í ráðuneytinu er að sett yrði inn nýtt ákvæði í lög um háskóla sem heimilar háskólum að starfrækja starfsmenntanám á framhaldsskólastigi á hæfniprepum 2 og 3 enda tengist það með beinum hætti viðurkenndum fagsviðum viðkomandi háskóla.



LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

SVÓT greiningar á starfsmenntanámi Landbúnaðarháskóla Íslands

Starfshópurinn hefur unnið greiningar á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum starfsmenntanáms Landbúnaðarháskóla Íslands, annars vegar fyrir búfræðinámið á Hvanneyri og hins vegar fyrir garðyrkjubrautirnar á Reykjum.

Sértækt hvað varðar búfræðinám á Hvanneyri

Styrkleikar

- Byggir á gömlum og góðum grunni
- Vel staðið að verknámi - tengsl við góð verknámsbú
- Nálægð við háskólanám í landbúnaðartengdum greinum, búskap, við tilraunaaðstöðu og fagfólk innan skólans sem utan
- Góð aðstaða fyrir verklega kennslu
- Útskrifaðir nemendur nýttast atvinnulífina
- Almenn ánægja með námskrá
- Jöfn kynjahlutföll í námi - bekkjakerfið kostur

Veikleikar

- Örar mannabreytingar
- Mikið keyrt á stundakennurum – mæti bæta stöðugleika
- Aðsókn í nám meiri en hægt er að anna vegna takmarkana á fjölda nemenda við námsbraut
- Eina starfsnámsbrautin sem kennd er á Hvanneyri
- Erfitt að fylgja tækniframförum í atvinnulífina
- Mikil áhersla á nautgriparækt og sauðfjárrækt m.v. aðrar búgreinar
- Mikið álag á fastráðnum starfsmönnum, m.a. vegna annarra verkefna

Ógnanir

- Skortur á framhaldsmenntuðu fólki með sérþekkingu til að kenna í búfræði
- Þörf á skýrari stefnumótun í landbúnaðarmálum
- Greinar innan landbúnaðarins ósamstíga í stefnumálum
- Skortur á innlendum landbúnaðarrannsóknnum
- Minnkandi tengsl þéttbýlisins við landbúnaðinn
- Óvissa með aðstöðu til kennslu í hrossarækt og hestamennsku

Tækifæri

- Velvilji í atvinnugreininni og samfélaginu gagnvart náminu
- Samstarf við framhaldsskóla um sameiginlegt stúdents- og búfræðinám eykur aðsókn og tækifæri nemenda eftir útskrift
- Mikil umræða í samfélaginu um loftslagsmál og neysluhegðun
- Aðsókn í námið meiri en hægt er að anna
- Aukin nýsköpun og hraðar tækniframfarir í samfélaginu - gott samstarf við háskólabrautir
- Tækifæri til kaupa á Mið-Fossum til uppbyggingar á kennslu í hrossarækt og hestamennsku og annarra tækifæra til útrásar og samstarfsverkefna

Sértækt hvað varðar starfsmenntabrautir á Reykjum

Styrkleikar

- Breið aldursdreifing nemenda, fjölbreytt reynsla
- Samlegð á milli garðyrkjubrauta
- Byggir á gömlum og góðum grunni
- Útskrifaðir nemendur nýttast atvinnulífina
- Faglegur metnaður og góðir kennarar - gott orðspor
- Almenn ánægja með nýjar námskrár

Veikleikar

- Fáir nemendur, litlir nemendahópar
- Takmörkuð tenging við aðrar brautir skólans
- Tilraunastarf hefur verið takmarkað á undanförunum árum t.d. engar tilraunir í útiræktun lengur – starfsemi á sumrin nánast engin
- Aðstaðan á Reykjum hefur ekki fengið reglulegt viðhald sem hamlar bæði bóklegri og þó sérstaklega verklegri kennslu
- Erfitt að fylgja hröðum tækniframförum í atvinnulífina
- Inntaka í námið annað hvert ár

Ógnanir

- Fáir nemendur, litlir nemendahópar
- Vantar fleiri ferskar hendur í fagið
- Ásýnd staðarins orðin slæm m.a. vegna skorts á viðhaldi - Aðbúnaður þarfnast endurnýjunar
- Skortur á framhaldsmenntuðu fólki með sérþekkingu til kennslu
- Skortur á tilraunum og sumarstarfi
- Skróðgarðyrkjunám færast í Tækniskóla Íslands

Tækifæri

- Aukinn áhugi almennt á garðyrkju og fegrun umhverfis - á háskóladegi í vor var mikið spurt um garðyrkjunámið
- Fjölgun nemenda, m.a. með samstarfi við aðra framhaldsskóla - tækifæri til að ná í auknum mæli til ungs fólks
- Staðsetning námsins innan háskóla - aukin samvinna þvert á námsstig
- Bætt viðhald bygginga og betri kennsluaðstaða til verklegrar kennslu bæði inni og úti
- Aukin samvinna við hagaðila - mikil umræða í samfélaginu um loftslagsmál og umhverfisvæna matvælaframleiðslu
- Aukin alþjóðleg samvinna - aukin nýsköpun - sókn í samkeppnissjóði til að bæta þekkingu og byggja upp innviði



LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Yfirstandandi endurbætur á húsnæði og aðstöðu Landbúnaðarháskólans að Reykjum

Húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum er orðið afar lélegt og því illa viðhaldið til langs tíma. Árið 2017 var ákveðið að ráðast í umfangsmikil viðhaldsverkefni á Garðskála í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins.

Heildarframkvæmdakostnaður er áætlaður 245,9 mkr en upphafleg uppfærð kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 186,4 mkr. Kostnaðarskipting á milli Landbúnaðarháskólans og ráðuneytis er eftirfarandi:

- Ráðuneyti 222,5 m.kr. (90,5%)
- Skólinn 23,4 m.kr. (9,5%)
- Áætlaður heildarkostnaður 245,9 m.kr.

Endurgerð Garðskálans er hafin og framkvæmdum við hann lýkur síðsumars 2020 samkvæmt verkáætlun.

Tækifæri garðyrkjunnar á Íslandi eru mikil og því aðkallandi að í framhaldi af endurgerð Garðskálans verði haldið áfram og hafist handa við önnur aðkallandi viðfangsefni á Reykjum, þ.e. framkvæmdir við kennslustofur, nemendaaðstöðu í Skólastjóraráhúsi og aðstöðu til tilrauna og verklegrar kennslu í garðyrkjuframleiðslu, blómaskreytingum, skrudgarðyrkju og skógrækt.

Undirbúningur er hafinn að lagfæringum á Skólastjóraráhúsinu og byrjað verður á því að endurnýja glugga, mála þak og veggja utanhúss. Þá er einnig unnið að öðrum smærri verkefnum til að bæta ásýnd staðarins.

Húsafríðunarsjóður hefur styrkt Landbúnaðarháskólann með myndarlegum hætti til að lagfæra Fífilbrekku, hús Jónasar frá Hriflu og fékk skólinn hámarksstyrk upp á 5 milljónir krónur frá sjóðnum bæði 2019 og 2020. Það verkefni er komið vel af stað. Þá hefur sjóðurinn einnig styrkt skólann til að gera úttekt á gróðurhúsunum á Reykjum.

Valkostagreining

Mikilvægt er að hafa í huga við mat á mögulegum valkostum að búfræðinámið á Hvanneyri hefur verið 2/3 hlutar alls starfsmenntanáms skólans. Búfræðinámið hefur til langs tíma átt farsælt samstarf með búvísindabrautinni á Hvanneyri og mikilvægt að ekki verði gerðar breytingar er ógna stöðu þess. Ekki verður séð að skynsamlegt væri að hafa sérreglur um starfsmenntanám skólans eftir því hvort það fer fram á Hvanneyri eða að Reykjum. Búfræðin er öll innan einnar starfsmenntabrautar en garðyrkjunámið er skipt í 6 námsbrautir.

Nokkrir valkostir voru lagðir fram til umfjöllunar í starfshópnum:

1. Óbreytt fyrirkomulag, þ.e. starfsmenntanám í garðyrkjufögum á Reykjum verði áfram hluti af Landbúnaðarháskóla Íslands.
2. Starfsmenntanámið á Reykjum verði fært í heild sinni undir framhaldsskóla, t.d. FSU.
3. Starfsstöð Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum verði gerð að sérstökum framhaldsskóla.
4. Garðyrkjuskóli LbhÍ verði lagður niður og verkefnum dreift á aðra skóla (TÍ, FSU, ...).

Í umræðunni innan starfshópsins var lögð áhersla á leið 1, þ.e. að námið verði áfram innan Landbúnaðarháskóla Íslands, enda áskorun starfshópsins að skapa samstöðu með hagsmunaaðilum um skipulag starfsmenntanámsins við Landbúnaðarháskóla Íslands. Aðrar leiðir þóttu ekki raunhæfar meðal annars vegna mikils kostnaðar og taps á þeim samlegðaráhrifum sem sameinaður Landbúnaðarháskóli býður upp á. Þrátt fyrir þetta hafa áskoranir um aðskilnað starfsmenntanámsins á Reykjum frá Landbúnaðarháskólanum verið áberandi í ályktunum fagfélaga sem borist hafa ráðuneytinu undanfarnar vikur, en þær hugmyndir hafa hvorki verið kynntar né ræddar við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Sóknarfæri til skemmri og lengri tíma litið

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur fjölmörg sóknarfæri. Það gefur skólanum einstaka stöðu að geta boðið bæði upp á háskólanám og starfsmenntanam á sviði matvælaframleiðslu, náttúru, umhverfis og skipulags. Það hefur sýnt sig að nemendur sem ljúka starfsmenntanami fara sumir áfram í háskólanám, en einnig eru mörg dæmi þess að nemendur sem ljúka háskólanámi bæti við sig starfsmenntanami til að bæta verklega og hagnýta þekkingu sína.

Búfræðinámið er eina braut skólans sem þarf að beita fjöldatakmörkunum. Rætt hefur verið hvort unnt sé að fjölga nemendum, en sú ósk hefur m.a. borist frá ungum bændum. Í haust verða teknir inn um 40 nýir nemendur í búfræðinámið og á næsta ári verður kannað hvort unnt verði að fjölga nýnemum enn frekar. Þá þyrfti að skipta nemendum upp í tvo bekk, en fjölgun nemenda kallar á fjölgun kennara og bættu aðstöðu fyrir verklega hluta námsins. Landbúnaðarháskólinn hefur haft einstaklega góða aðstöðu til kennslu í hestafræðum og reiðmennsku að Mið-Fossam á leigu í um 15 ár. Nú eru Mið-Fossar til sölu og því óvissa um aðstöðuna sem brýnt er að leysa úr sem allra fyrst. Það eru mikil sóknarfæri fyrir skólann að eignast Mið-Fossa, ekki einungis fyrir nemendur skólans í búfræði, búvísindum og hestafræði, en einnig er mikil ánægja með námskeið á vegum endurmenntunar skólans s.s. Reiðmanninn. Þá skapar aðstaðan sterk tengsl við nærumhverfið og gefur tækifæri til samstarfsverkefna, útrásar og alþjóðlegrar kynningar á skólanum. Einnig felast ýmsir möguleikar því tengdu í bættari nýtingu annarra innviða skólans s.s. Nemendagarða og kennsluadstöðu.

Almennt er þörf á því að bæta aðstöðu fyrir verklegt nám og endurnýja búnað reglulega. Þá hafa fjarnemar sérstaklega óskað eftir því að það sé meira verklegt nám þegar þeir mæta í loturnar, og að skipulagið sé betra þannig að tíminn nýtist sem best. Á Reykjum er sérstaklega þörf á því að koma upp skemmu fyrir skrudgarðyrkjuna og skóg-ræktina. Þar er til plastgróðurhús sem á eftir að setja upp sem mun bæta ræktunar- aðstöðu. Þá hefur verið rætt hvernig unnt sé að auka starfsemi á sumrin og nýta úti- svæðin meira til tilraunaræktunar.

Nemendur hafa verið í sumarstörfum hjá skólanum og ræddar hafa verið tillögur um hvernig unnt væri að bjóða upp á fleiri sumarstörf til að nýta aðstöðuna betur á sumrin og viðhalda byggingum og úti- svæðum. Slíkt gæti tengst aukinni ræktun sem og námskeiðahaldi og fræðslu til gesta sem sækja staðinn heim sem gæti þá staðið undir kostnaði að hluta. Við endurbyggingu Garðskálans skapast góðar aðstæður til að koma upp Fræðslusetri þar sem gestir geta komið og kynnt sér starfsemi og sögu skólans og þau rannsókn- og nýsköpunarverkefni sem þar eru hverju sinni.

Á garðyrkjubrautum eru nú þegar allir sameiginlegir áfangar samkenndir. Það er þó rétt að skoða ýmis tækifæri eins og t.d. sam- legðaráhrif milli skrudgarðyrkju og lands- lagsarkitektúrs t.d. um hleðslu, hellulagnir, göngustíga m.m.

Landbúnaðarháskólinn rekur mjólkur- bú, sauðfjárbú, hesthús, gróðurhús og úti- svæði sem gætu nýst enn betur til tilrauna, rannsókna- og nýsköpunarverkefna. Í stefnu skólans er lögð áhersla á aukna sókn í sam- keppnissjóði til að styrkja innviði og mann- auð og efla alþjóðlegt samstarf. Rannsókn- og nýsköpunarverkefni standa yfirleitt straum af kostnaði við nýjan búnað og að- stöðu að hluta eða jafnvel öllu leyti. Það er afar nauðsynlegt að bjóða nemendum upp á besta mögulega búnað, ekki einungis til rannsókna heldur einnig til kennslu og slíkt nýtist öllum skólastigum.

Skoða mætti hvort unnt sé að tengja lokaverkefni nemenda í starfsmenntanami með auknum hætti við umbóta- og þróunar- verkefni innan skólans. Þá hefur verið nefnd tillaga um að settur yrði á fót tveggja eininga valáfangi sem snéri að þátttöku í rannsókn- nýsköpunarverkefnum. Fordæmi er á háskóla- brautum í áfanganum Hagnýt aðferðafræði þar sem nemendur vinna sjálfstætt verkefni og skila skýrslu og dagbók.

Úrvinnsla afurða er áfangi í nýrri námskrá garðyrkjubrauta og hefur gengið mjög vel, einnig er áfangi sem fjallar um gæði og gæða- stýringu sem kom nýr inn í nýrri námskrá.

Áfanginn heimavinnsla afurða í búfræði hefur verið eflur og kominn er inn áfangi um úrbeiningu sem nýtist mjög vel. Tengt þessu sem og framleiðslu skólans hefur verið rætt hvort efla mætti kennslu á sviði úrvinnslu afurða enn frekar t.d. í samstarfi við Matís og/eða matvælaframleiðendur. Sem fyrr segir styrkir Matarauður samstarf Land- búnaðarháskólans, Menntaskólans í Kópavogi og Fisktækniskólans um heimsóknir nemenda í starfsmenntanami milli þessara eininga m.a. þannig að þeir fái að kynna hráefni og úrvinnslu þess. Vonir standa til að þetta verkefni verði grunnurinn að framtíðar- samstarfi skólanna.

Nokkuð brottfall er sem mikilvægt er að skoða og draga úr. Þá lýkur stór hluti nemenda í garðyrkjunáminu einungis bóklega hlut- anum. Brýnt er að fara yfir það hvernig unnt er að styðja betur við nemendur bæði til að minnka brottfall en einnig svo nemendur ljúki verklega hluta námsins. Nefnt hefur verið að rafræn ferilbók gæti bætt úr að einhverju leyti, en dagbókarform skólans hefur ekki þótt gott. Þá mætti kanna hvernig staðan er hjá öðrum iðngreinum og mögulega mætti stytta verklega hluta námsins í garðyrkjunni en hann er sem fyrr segir 60 vikur.

Raunfærnimat er spennandi tækifæri þar sem skólanum gefst kostur á því að kynna starfsmenntanam skólans og kanna aðgengi að raunfærnimati á mismunandi stöðum, þar með talið þekkingu framkvæmdaðila á mis- munandi greinum, en mikilvægt er að góð nákvæmni sé við matið.

Hugmyndir komu upp innan starfshóps- ins um hvort breyta ætti kröfu til lágmarks- aldurs fjarnema og setja frekar kröfu um fullorðna einstaklinga með ákveðna reynslu og bakgrunn.

Tillögur

Landbúnaðarháskóli Íslands telur að garðyrkjunáminu sé best fyrir komið innan Landbúnaðarháskóla Íslands í samræmi við stefnu og skipurit skólans og nýta þau samlegðar-áhrif og tækifæri sem felast í auknu samstarfi innan skólans.

Landbúnaðarháskóli Íslands telur að auka þurfi samtali skólans og hagaðila innan garðyrkjunnar með það að leiðarljósi að styrkja nýliðun í greininni, bæta innviði að Reykjum og styðja við framþróun í greininni. Tækifæri garðyrkjunnar á Íslandi eru gríðarleg og brýnt að aðilar taki höndum saman ásamt stjórnvöldum um að koma innviðum á Reykjum í það horf að þeir séu fremstir í flokki á alþjóðlegan mælikvarða. Þannig mun námið verða sýnilegra og draga að unga fólkið sem þarf til nýliðunar.

Samstarf verði um að efla rannsóknir og nýsköpunarstarf enn frekar sem skili sér í bættum innviðum og til starfsmenntanám-sins og atvinnulífsins með skilvirkum hætti.

Góður grunnur að samstarfi við mennta-skóla um sameiginlega gráðu til stúdents-prófs og búfræðings eða garðyrkjufræðings hefur verið lagður sem mun vafalaust einnig hafa jákvæð áhrif til nýliðunar.

Hugað verði að því hvort sameining garðyrkjubrauta myndi gera námið sýnilegra í skipuriti skólans.

Kannað verði hvort endurskoða eigi kröfuna um 60 vikna verknám á garðyrkju-brautum og samhliða því að fylgja betur eftir kröfu um að nemendur í fjarnámi séu starf-andi í grein sinni líkt og gert er í búfræðinni <http://www.lbhi.is/innтокuskilyrði>.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinni að því að styrkja lagastoð starfsmennta-námsins þannig að hún sé skýr til framtíðar, en byggji ekki áfram á bráðabirgðaákvæði.

Verkefnisáætlun samþykkt á 1. fundi starfshóps 27. nóv. 2019

Heiti verkefnis: Starfsmenntanám Landbúnaðarháskóla Íslands

Upphaf verkefnis: 27. nóvember 2019

Áætluð lok verkefnis: 30. apríl 2020

Enda dagsetning: Hvenær hefur verkefnið runnið sitt skeið

Áskoranir:

Háskóli starfsrækir nám á framhaldsskólastigi.

Að starfsmenntanámið hafi næga burði til að mæta áskorunum framtíðarinnar um hæft og vel menntað starfsfólk.

Að rannsóknir og nýsköpunarstarf skili sér til námsins og til atvinnulífsins með skilvirkum hætti og jafnframt að áskoranir atvinnulífsins skili sér með virkum til rannsóknastarfs.

Að samstaða náist með hagsmunaaðilum um skipulag starfsmenntanámsins og birtingarmynd þess í skipuriti Landbúnaðarháskóla Íslands, þar með talið um stjórnunarlega, faglega og fjárhagslega ábyrgð – verka og ábyrgðarskipting. Með öðrum orðum: Stjórnarsýsla starfsmenntanáms á framhaldsskólastigi sem fer fram í háskóla.

Meginmarkmið verkefnisins:

Að skapa nauðsynlegar faglegar og fjárhagslegar forsendur til eflingar starfsmenntabrauta Landbúnaðarháskóla Íslands til að mæta núverandi og fyrirséðri aukinni eftirspurn atvinnulífsins eftir menntuðu starfsfólki.

Aðferð:

1. Unnin verði stutt samantekt á núverandi skipulagi námsins og inntaki þess (námskrár), samkeyrslu náms, sérhæfing, skipulag verknáms, fjöldi nemenda, aldur, raunfærnimat og fleira er máli skiptir.
2. Hverjir eru veikleikar skipulagsins og styrkleikar - SVÖT greining (unnið fyrir hverja einstaka námsbraut starfsmenntanámsins).
3. Greining samlegðaráhrifa og ávinnings af tengingu á milli skólastiga (rekstur, stjórnun, þekkingaryfirfærsla, miðlun þekkingar til atvinnulífs, ..)
4. Valkostagreining – hvaða valkostir teljast raunhæfir?
5. Með hvaða hætti er hægt að tengja starfsmenntanámið við námsframboð framhaldsskóla og hver er ávinningur þess.
6. Hvert er umfang raunfærnimats einstaklinga inn í starfsmenntanámið (Skrúðgarðyrkja og búfræði) og hver er líkleg þróun á umfangi þess komandi ár.
7. Greining á nýju skipuriti sem kynnt hefur verið – hvað er það sem aðilar hafa gert athugasemdir við og hverju þarf að breyta. Er það framsetningin eða innihaldið sem truflar.
8. Hvaða valkostir eru til að tryggja lagalegan grundvöll starfsmenntanámsins undir Landbúnaðarháskóla Íslands.
9. Er ástæða til að kalla eftir ytri greiningum. Væri áhugavert að fá t.d. á grundvelli nýrrar skýrslu um garðyrkju á Íslandi mat á vinnuafliþörf greinarinnar á komandi árum að gefnum ákv. forsendum um vöxt.

Tillaga að skipulagi starfsins:

Tímabil	Verkþættir/þátttakendur	Skilafundur	Vinnufundur
27.11 – 14.01.2020	1/3 2/3 2/3	Skil gagna og kynning	14.01
14.01- 04.02.2020	3/3 4/3 5/3	Skil gagna og kynning	04.02
04.02 -25.02.2020	6/2 7/5 8/2	Skil gagna og kynning	25.02
25.02 – 10.03.2020	Skýrslugerð	Skil skýrslu	10.03
10.3 – 24.03.2020	Ráðgefandi greinargerð ásamt tillögu		24.03

Stefna Landbúnaðarháskóla Íslands 2019-2024

http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/190711_stefna_21x21_vef.pdf



Velkomin – fjölbreytt námsframboð í persónulegum skóla

https://issuu.com/landbunadarhaskoli_islands/docs/issuu



Skýrsla Gæðaráðs íslenskra háskóla apríl 2020

<http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/aui-mid-term-progress-report-qef2-final.pdf>

Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education

MID-TERM PROGRESS REPORT
Agricultural University of Iceland

April 2020





Sérálit

Vegna vinnu starfshóps
um starfsmenntanám
Landbúnaðarháskóla Íslands

júlí 2020